

Tónlistarskóli Eskifjarðar og Reyðarfjarðar

Viltu læra á hljóðfæri? Spurningar og svör.

1. Hvar er tónlistarskólinn?

Tónlistarskólinn er í sama húsnæði og grunnskólinn. Nemendur sækja tíma að mestu á skólatíma. Flestir eru með hlaupandi stundatöflu og mæta tvisvar í viku.

2. Á hvaða hljóðfæri get ég lært?

Þú getur lært á píanó, klassískan eða rafmagnsgítar, harmonikku, bassa, trommur, fiðlu, lágfíðlu, selló, blokkflautu, þverflautu, klarinett, saxofón, óbó, trompet, horn, túbu og tónfræði. Sum hljóðfæri leigjum við út til nemanda. Því miður getum við ekki boðið upp á söngkennslu á Eskifirði eins og stendur en sæktu samt um í söng ef þig langar til þess að læra að syngja. Aldrei að vita hvað gerist.

3. Er laust pláss á öll hljóðfæri?

Sum, ekki öll. En ef þú hefur áhuga skaltu sækja um. Þú ferð sjálfkrafa á biðlistann.

4. Hverjir eru að kenna?

Mairi McCabe, Guðjón Steinþórsson, Alda Garðarsdóttir, Birgir Baldursson, Rusana Petriashvili og Gillian Haworth (Dillý)

5. Hvernig sæki ég um?

Einfaldast er að sækja um á netinu: Skráningarsíðan er á schoolarchive.is. Finndu „innskráning“, svo „umsókn um skólavist“ og veldu skólann: Tónlistarskóli Eskifjarðar og Reyðarfjarðar. Mikilvægt er að sækja um sem allra fyrst því skólinn mun fyllast hratt. Ef þú ert ekki viss eða lendir í vandræðum, geturðu sent tölvupóst á toner@fjardabyggd.is. Við veitum góð ráð. Umsóknir frá því í fyrra eru ennþá í gildi og við munum hafa samband fyrir haustönnina.

6. Get ég verið í hópkenndu með vini?

Já. Það gengur oft mjög vel en stundum er best að vera einn.

7. Er ég of ungur...eða jafnvel of gamall?

Þú ert ekki of gamall en það er algjörlega einstaklingsbundið hvaða aldur er heppilegur byrjunaraldur.

8. Er dýrt að læra á hljóðfæri?

Nei, sveitarfélagið greiðir niður skólagjöld til þess að gera öllum börnum kleift að stunda tónlistarnám og fjölskylduafsláttur er í boði. Sjá nánar í gjaldskrá á fjardabyggd.is.

9. Ég var í tónlistarnámi í fyrra. Þarf ég að innrita mig aftur? Nei, nemendur sem voru í námi í vor halda sjálfkrafa áfram. Þú þarft hinsvegar að tilkynna á toner@fjardabyggd.is ef þú ætlar að skipta um hljóðfæri, breyta eða hætta.

10. Mig langar að spyrja... Já, það er í góðu lagi! Sendu fyrirspurn í tölvupósti: toner@fjardabyggd.is. Hlakka til að heyra frá þér. - Skólastjóri